

Syðra Langholt ehf

Syðra Langholt ehf Kt. 690805 - 0730 Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður
Sími 564 1860 Fax 564 2860 gardyrkjan@simnet.is

Umhverfis og byggingasvið Hafnarfjarðar
Hr. Sigurður Haraldsson sviðsstjóri
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður.

Hafnarfirði 22. júní 2016.

Efni. Fyrirspurn um næstu skref í uppbyggingu garðyrkjustöðvar í Þorlákstúni.
Sölu og lagerhús úr íslenskum skógarviði.

Syðra Langholt ehf flutti þann 1. september síðastliðinn starfsemi sína frá Helluhrauni 2 hér í bæ á framtíðar svæði sitt, í Þorlákstún við Lyngbarð.

Um nokkura ára skeið hefur staðið yfir endurbygging á Marteinhúsi og er henni nú nánast lokið. Gamla niðurnýdda húsið hefur gengið í endurnýjun lífdaga og þjónar nú væntanlegri garðyrkjustöð sem stjórnstöð og starfsmannaaðstaða.

Áfram skal nú haldið og næstu skref stigin.

Með bréfi þessu sendi ég teikningar af væntanlegu sölu- og lagerhúsi sem nauðsynlegt er að koma upp til þess að hefja plöntusölu á svæðinu.

Hugmyndin er að útlit hússins verði mjög náttúrulegt, bjálkahús úr íslenskum skógarviði. Burðarstöðir úr öflugum trjábolum og milli þeirra klætt með hálfbolum úr lerki eða greni.

Þakið verður tyrft með íslenskum lynggróðri, svokölluðu úthagatorfi. Innandyra verða gólfín hellulögð.

Framkvæmdatími er sumar og vetur 2016 og stefnt að opnun plöntusölu með allan algengan garðagróður snemmsumars 2017.

Einnig er sótt um áframhaldandi stöðuleyfi fyrir 40 feta gám þar til sölu- og lagerhúsið er fullbyggt eða til 1. júní 2017.

Virðingarfyllst

Steinþór Einarsson skráðgarðyrkjumeistari

